



ADALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS 2017-2029

Skipulagslýsing – stækkun á Búðanámu

17.03.2022





UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

2272-026-ASK-001-V01

HÖFUNDUR

Brynja Rán Egilsdóttir

RÝNT

ÁJ/SOS

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	4
1.1 Skipulagslýsing	4
2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1 Staðhættir	5
2.2 Tengsl við aðrar áætlanir	5
2.2.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026	5
2.2.2 Rammaáætlun	5
2.2.3 Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029	5
2.2.4 Samræmi við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag	6
2.2.5 Deiliskipulag	6
2.2.6 Minjar	6
3 AÐALSKIPULAGSBREYTING	7
4 UMHVERFISÁHRIF	7
3.1 Tengsl við aðrar áætlanir	7
3.2 Umhverfismat	7
3.3 Valkostir	7
3.4 Umhverfisþættir og áherslur	7
5 SKIPULAGSFERLIÐ	9
4.1 Umsagnaraðilar	9
4.2 Skipulagsferli	9

1 INNGANGUR

Hér er sett fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029.

Landsvirkjun og Vegagerðin, í samráði við sveitarfélagið, óska eftir breytingu á aðalskipulagi sem felur í sér stækkun á Búðanámu vegna fyrirhugaðrar framkvæmda á Búðafossvegi.

Vegurinn er m.a. hluti af uppbyggingu í tengslum við Hvammsvirkjun sem Landsvirkjun hyggst reisa til þess að mæta vaxandi orkuþörf landsmanna.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er stærð Búðanámu 50.000m³ og er um nýtt efnistökusvæði að ræða.

Skipulagslýsingin er sett fram í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin í samræmi við grein 4.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum.

Fyrirhuguð stækkun á Búðanámu er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar samkvæmt lið 2.02 í viðauka 1 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

1.1 Skipulagslýsing

Gerð skipulagslýsingar er ætlað að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og öðrum sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um lýsingu hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi. Samkvæmt gr. 4.2.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal sameina gerð skipulagslýsingar og matslýsingar um umfang og áherslur í umhverfismati aðalskipulagsins. Umhverfismat áætlana er unnið í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Með skipulagslýsingu þessari er almenningi gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum aðalskipulagsbreytingarinnar.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Efnistaka úr Búðanámu er ætluð til vegagerðar í tengslum við framkvæmdir vegna Hvammsvirkjunar og brúun Þjórsár. Búðafossvegur verður lagður suður frá þéttbýlinu í Árnesi og ný brú verður byggð yfir Þjórsá ofan við Búðafoss.

Vegurinn mun einnig bæta og tryggja greiðari samgöngur á milli sveitarfélaganna Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra.

Áætluð stækkun á efnistökusvæðinu er til norðurs og verður efnið notað í vegagerð norðan við Þjórsá þar sem ekki er talið æskilegt að flytja efni úr námum sem staðsettar eru lengra frá framkvæmdasvæðinu.

2.1 Staðhættir

Búðanáma er í landi Minna-Hofs og er staðsett í hraunkantinum norður af Búðafossi í Þjórsá. Náman er óunnin en kemur til með að opnast til austurs. Jökulgarðar Búðaraðarinnar liggja í um 200 m fjarlægð austan við svæðið sem kemur til með að takmarka sjónræn áhrif námunnar töluvert. Ekki er reiknað með vandræðum vegna grunnvatns í vinnslu námunnar þar sem hún er í hraunkanti.

Samkvæmt kortlagningu Náttúrufræðistofnunar á náttúrufrýrbærum sem njóta sérstakrar verndar þá er náman staðsett á Þjórsárhrauni sem er nútíma hraun sem nýtur verndar skv. 37. gr. laga um Náttúruvernd frá 1999. Almennt er Þjórsárhraunið mjög þykkt, með 6-10 m þykkum karga en verður þéttara með dýpi. Áætla má að hægt sé að fá allt að 100% nýtingu á efni úr námunni og hugsanlegt er að hægt verði að vinna burðarlagsefni úr neðri hluta námunnar.

Á svæðinu eru helstu vistgerðir mosamóavist og víðikjarrvist, skv. vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar. Mosamóavist hefur lágt verndargildi og víðikjarrvist hefur mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarssamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

2.2 Tengsl við aðrar áætlanir

2.2.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. sömu laga skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim.

Í kafla 2.6 um sjálfbærar samgöngur segir:

„Skipulag landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta.“


2.2.2 Rammaáætlun

Um rammaáætlun gilda lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun. Í rammaáætlun er virkjunarkostum raðað í verndar-, bið- eða orkunýtingarflokka. Hvammsvirkjun, sem umrædd efnistaka vegna vegagerðar nær til, er samkvæmt núgildandi rammaáætlun í orkunýtingaflokki.

2.2.3 Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem efnistökusvæði. Eftirfarandi markmið eru sett fyrir efnistökusvæði í kafla 2.3.9:

- Lögð áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Efnistaka fer ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjasrá og hverfisverndarsvæðum.
- Áhersla á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang í verklok.



MYND 2. Hluti af aðalskipulagsupprætti Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Náman er staðsett innan rauða kassans.

2.2.4 Samræmi við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag

Breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 er í samræmi við markmið landsskipulagsstefnu og stefnu gildandi aðalskipulags um efnistökusvæði. Verið er að huga að hagkvæmni með því leggja veg sem mun nýtast við framkvæmdir á Hvammsvirkjun og þjónusta íbúa sveitarfélaganna í kring ásamt innlendum og erlendum ferðamönnum. Hvammsvirkjun er mikilvægur þáttur í að tryggja raforkuöryggi landsmanna og stuðla að hagsælum orkuskiptum. Efnistaka er í námunda við notkunarstað efnisins og hefur þegar verið samþykkt að raska hrauninu vegna efnistöku. Áhersla verður lögð á góða umgengni og vandaðan frágang í verklok svo nýta megi landið á sjálfbæran hátt.

2.2.5 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

2.2.6 Minjar

Aðalskráningu fornminja er lokið í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Ekki eru þekktar minjar innan þess svæðis sem breytingin nær yfir. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdatíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

3 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Breyting verður gerð á uppdrætti og í greinargerð gildandi aðalskipulags. Með breyttu aðalskipulagi verður efnismagn Búðanámu allt að 125.000 m³. Nánar verður gert grein fyrir breytingunni í greinargerð fyrir aðalskipulagsbreytingu.

4 UMHVERFISÁHRIF

Áformuð efnistaka er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar skv. flokki B, sbr. tl. 2.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr.111/2021. „Efnistaka þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra.“

Fyrirspurn um matsskyldu verður send á Skipulagsstofnun.

3.1 Tengsl við aðrar áætlanir

Í umhverfisskýrslu fyrir breytingu á aðalskipulagi verður gerð grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur sem taka þarf tillit til sem geta haft áhrif á breytinguna. Helstu stefnur og áætlanir má sjá í kafla 2.2.

3.2 Umhverfismat

Matsvinnan fer fram samhliða breytingunni til að stuðla að því að umhverfissjónarmið séu ávallt hluti af mótun tillögu að breyttu aðalskipulagi. Í skipulagsgerð er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti í skipulagsgerðinni. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Umhverfismatið mun byggja á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

3.3 Valkostir

Núll kostur eða núverandi ástand verður borið saman við breytt aðalskipulag, þ.e. að settar verða inn fjórar nýjar námur og efnislosunarsvæði í stað óbyggðs svæðis.

3.4 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfisskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni verða skoðuð áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfisskýrslu er að finna í töflunni. Viðmið fyrir hvern umhverfisþátt eru sett með tilliti til laga og

reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Framsetning á niðurstöðu matsins verður í formi greinargerðar.

TAFLA 1. Umhverfispættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðmyndanir	Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr.
Gróður og dýralíf	Hefur stefnan áhrif á gróður / votlendi?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 56. og 61. gr. Vistgerðarkortlagning NÍ
Ásýnd og landslag	Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðisins? Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 1. og 2. mgr. 69. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026
Landnotkun	Rýrir stefnan nýtingarmöguleika og gildi svæðisins?	Skipulagslög nr. 123/2010, 1. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026
Menningarminjar	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. 1. gr. 16. og 23. gr.
Heilsa og öryggi	Hefur stefnan áhrif á öryggi í byggð? Er hættu á mengun af völdum stefnunnar?	Stefna í aðalskipulagi Landsskipulagsstefna 2015-2026 Reglugerð um varnir gegn mengun vatns 553/2001 og 796/1999

5 SKIPULAGSFERLIÐ

Með kynningu skipulags- og matslýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenn- ingi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun breyt- ingarinnar. Jafnframt er óskað samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur við mat á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og matslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu sveitar- félagsins auk þess sem hún verður auglýst á heimasíðu skipulagsfulltrúa, <http://www.utu.is/> og liggja frammi á skrifstofu embættisins að Dalbraut 12 á Laugarvatni. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast á skrifstofu skipulagsfulltrúa á netfangið vigfus@utu.is, fyrir auglýstan tímafrest.

4.1 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Umhverfisstofnun

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnslu sveitarfélagsins.

4.2 Skipulagsferli

Skipulagslýsing verður kynnt í aprílmánuði og gert er ráð fyrir að breytt aðalskipulag verði auglýst í maí/júní og taki gildi í ágúst 2022.